

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Stjórn OR/borgarráð  
**Sendandi:** Elín Smáradóttir, ritari stjórnar OR  
**Dagsetning:** 21. júní 2021  
**Efni:** **Greiðslur til starfskjaranefndar**

---

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist svohljóðandi erindi:

**BORGARRÁÐ 11. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur - R21030120**

**BORGARRÁÐ 11. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur - R21030120**

Þriggja manna starfskjaranefnd starfar innan Orkuveitu Reykjavíkur og fær hver nefndarmaður miðað við upplýsingar frá í janúar 2019, 25.000 kr. á tímann. Að auki fær formaður nefndarinnar sömu þóknun auk 50% álags, eða 37.500 krónur á tímann. Það er starfskjaranefnd sjálf sem leggur til hver laun nefndarmanna skulu vera. 1. Hvað hefur Orkuveita Reykjavíkur greitt til starfskjaranefndar félagsins síðan hún var sett á laggirnar sundurliðað eftir árum? 2. Hvað hefur formaður starfskjaranefndarinnar fengið greitt sundurliðað eftir árum?

Eftirfarandi er svar við fyrirspurninni:

### Verkefni starfskjaranefndar

Regluleg verkefni starfskjaranefndar eru á hverju ári þau að gera tillögur til stjórnar um þóknunir stjórnar og um laun forstjóra.

Verkefni nefndarinnar hafa þó ekki takmarkast við það eitt heldur hefur nefndin á hverjum tíma unnið ýmsar greiningar og ábendingar að beiðni stjórnar.

Má hér m.a. nefna eftirfarandi verkefni starfskjaranefndar:

1. Árleg kjaraviðtöl við forstjóra ásamt gagnaöflun, greiningarvinnu og gerð álitssgerðar með tillögu til stjórnar.
2. Árleg greiningarvinna og gerð tillaga til stjórnar um þóknun stjórnar.
3. Álitssgerð til stjórnar um skilgreiningu og skýringu viðmiða við launaákvörðanir forstjóra auk greiningar og tillagna um nauðsynlega gagnaöflun fyrir árleg starfskjaraviðtöl forstjóra.
4. Ábendingar varðandi orðalag ráðningarsamnings forstjóra.
5. Ábendingar varðandi nauðsyn á að yfirfara ráðningarsamninga starfsmanna vegna stjórnarsetu í dótturfélögum.
6. Gerð minnisblaðs um mismunandi fyrirkomulag til ákvörðunar starfskjara forstjóra, að beiðni stjórnar.
7. Gerð starfsreglna starfskjaranefndar.
8. Gerð starfskjarastefnu OR fyrir og eftir uppskiptingu
9. Árleg kjaraviðtöl við innri endurskoðanda fram til ársins 2018, ásamt gagnaöflun, greiningarvinnu og gerð álitssgerðar með tillögu til stjórnar.

## Greiðslur

|                        | Greiðslur til formanna<br>Brúttólaun | Heildargreiðslur<br>(þ.m.t. til formanns) |
|------------------------|--------------------------------------|---|
| 2013-2014              | 700.000                              | 2.041.969 ,-                              |
| 2015-2016 (október)    | 39.028                               | 189.790,-,-                               |
| 2016 (nóvember) - 2018 | 434.950                              | 969.560,-                                 |
| 2019                   | 225.000                              | 525.000                                   |
| <b>Grand Total</b>     | <b>1.398.978</b>                     | <b>4.076.319</b>                          |

### Athugasemdir við töflu

1. Greiðslur áráanna 2013 og 2014 taka mið af því að við upphaf starfs nefndar þurfti að semja starfskjarastefnu félagsins sem og starfsreglur nefndar, auk venjubundinna starfa nefndarinnar.
2. Greiðslur á árinu 2018 eru samtala fyrir vinnu áráanna 2016, 2017 og 2018.
3. Meðaltal greiðslna sem greiddar hafa verið til formanna frá stofnun nefndar er kr. 199.854,- á ári brúttólaun. Það gerir að meðaltali kr. 16.654,- brúttólaun á mánuði
4. Greiðslur hafa bæði farið að meðaltali lækkandi að teknu tilliti til heildarfjárhæðar til formanns og að teknu tilliti til verðlags.
5. Í hvert sinn sem stjórn hefur tekið ákvörðun um að breyta uppsetningu þóknunar starfskjaranefndar hefur það verið gert að frumkvæði þeirra sem þóknunina þiggja, þ.e. að frumkvæði starfskjaranefndar sjálfrar. Hefur þá verið horft til þess í hvert sinn að auka gagnsæi og að gætt sé að hófsemi en að sama skapi tekið tillit til þess að í nefndinni starfar fólk með sérþekkingu á viðfangsefninu, þ.m.t. utanaðkomandi vinnumarkaðssérfræðingur